

Nd. **211. Frumvarp til laga** [136. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 86 frá 31. des. 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Í stað orðanna í 2. gr. „og gilda til 31. des. 1969“ komi: og gilda til 31. des. 1970.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 86 frá 31. des. 1968 um breyting á lögum um verðlagsmál, fellur umboð núverandi verðlagsnefndar niður 31. des. 1969. Þegar ákvæði þetta var sett, var gert ráð fyrir því, að á þessu ári yrðu sett ný lög um verðgæzlu og samkeppnishömlur, er kæmu í stað núverandi laga um verðlagsmál. Þar sem frumvarp að slíkum lögum hefur verið lagt fram, en ekki enn náð fram að ganga, er ætlunin með þessari lagabreytingu að framlengja umboð núverandi verðlagsnefndar til 31. des. 1970.